



Fundargerð

385. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. september 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 384. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 20. ágúst 2015.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Fjallskilanefnd 24. ágúst 2015.

Farið yfir fundargerðina.

2.1. Fjallskil og fjallskilaseðill 2015.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

2.2. Fjallskil Kirkjubóli.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Fjallskilanefnd 31. ágúst 2015.

Farið yfir fundargerðina.

3.1. Fjallskilaseðill 2015.

Sveitarstjórn samþykkir fjallskilaseðil fyrir árið 2015. Samþykkt samhljóða.

3.2. Fjallskilagjald.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið, en beinir því til fjallskilanefndar að koma með nánari útfærslu á framkvæmdinni. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1101027 – Vígsla á vegkaflanum Eiði – Þverá á sunnanverðum Vestfjörðum 11. september 2015.

Boð Vegagerðarinnar til sveitarstjóra og sveitarstjórnar ásamt byggingafulltrúa, dagsett 4. september 2015.

ÁBG, SRB og sveitarstjóri mæta fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2. 1406003 – Skipan öldungaráðs.

Erindi frá Þrúði Kristjánsdóttur og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur dagsett 24. ágúst 2015.

Sveitarstjórn skipar Söndu Rún Björnsdóttur fulltrúa sveitarfélagsins til viðræðu við bréfitara vegna skipanar öldungaráðs, hlutverk þess o.fl. Samþykkt samhljóða.

3. 1509006 – Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 24. og 25. september 2015.

Fundarboð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 1. september 2015.

Sveitarstjóri og skrifstofustjóri mæta á ráðstefnuna. Samþykkt samhljóða.

4. 1509002 – Ósk um samning um Kötluland.

Erindi frá Bergi Þrastarsyni í umboði Jónasar Samúelssonar.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Berg Þrastarson og Birgittu Jónasdóttur um ábúð á jörðinni Kötlulandi. Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga til samninga við aðila. Samþykkt samhljóða.

5. 1509003 – Ósk um leigu á hluta Kötlulands vegna dúntekju.

Erindi frá Jóni Þór Kjartanssyni dagsett 30. ágúst 2015.

Sveitarstjórn hafnar erindinu að svo stöddu, ekki má skv. ábúðarlögum undanskilja hlunnindi þegar jörð er leigð til ábúðar. Samþykkt samhljóða.

6. 1509010 – Opið bréf til sveitarstjórnar.

Bréf frá Erlu Þórdísi Reynisdóttur, birt á Reykhólavefnum 27. ágúst 2015.

Svar við spurningum í erindi sem beint var til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er sammála megininntaki bréfsins, fyrst og fremst snýst málið um að við sem búum í Reykhólahreppi erum eitt samfélag og eigum að hlúa hvert að öðru.

Með bréfi dags. 24. október 2014 óskuðu 6 íbúar Flateyjar eftir viðhorfi bæjarstjórnar Stykkishólms til þess að stjórnsýsla Flateyjar færðist til Stykkishólms. Bæjarstjórn lýsti yfir jákvæðum viðbrögðum við erindinu og fól bæjarstjóra að kynna það fyrir sveitarstjórn Reykhólahrepps og innanríkisráðuneyti. Lengra er málið ekki komið. Engin formleg ósk hefur borist Reykhólahreppi um breytingar á mörkum sveitarfélagsins eða þá hvar mörk þess eigi að liggja.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps heimsótti íbúa sveitarfélagsins í Flatey á vormánuðum og fékk hlýlegar og góðar móttökur frá íbúum eyjunnar. Rædd voru sérstaklega málefni eyjunnar, engin veruleg óánægja kom fram með þá þjónustu sem er í verkahring sveitarfélagsins. Mikil óánægja er meðal íbúa með samgöngur við eyjuna og þá sérstaklega hafnaraðstöðuna, að aðstaða skuli ekki vera fyrir hendi til að hafa báta á floti í öruggri höfn allt árið, en samgöngumál heyra undir ríkisvaldið. Í framhaldi af fundi

sveitarstjórnar með íbúum var ákveðið að stofna dreifbýlisnefnd sem vettvang fyrir þær byggðir í sveitarfélaginu sem eru á jaðri byggðarinnar.

Ekki er vilji fyrir því eða gert ráð fyrir því að greindur sé hagnaður sveitarfélags af sérstöku svæði innan þess, hugsað er um sveitarfélagið sem heild. Engin tengsl eru á milli þess hvað sveitarfélagið fær í skatt af ákveðnu svæði og hvað sveitarfélagið leggur út í verkefni á sömu svæðum.

Umræður á samfélagsmiðlum eru ekki stjórnþæki í opinberri stjórnsýslu, þar fara fram persónulegar umæður sem hver og einn ber ábyrgð á.

7. 1509007 – Kosning í nefndir.

7.1. Kosning varamanns í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd.

Tryggvi Gunnarsson, annar varamaður í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd, hefur flutt lögheimili sitt í annað sveitarfélag og hefur því misst kjörgengi sitt. Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, þriðji varamaður nefndarinnar, færir upp sem annar varamaður. Nýr þriðji varamaður í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd er kjörinn Bjarni Þór Bjarnason. Samþykkt samhljóða.

7.2. Aðalmaður og kosning varamanns í mennta- og menningarmálanefnd.

Guðrún Guðmundsdóttir, þriðji aðalmaður í mennta- og menningarmálanefnd, hefur flutt lögheimili sitt í annað sveitarfélag og hefur því misst kjörgengi sitt. Árný Huld Haraldsdóttir, fyrsti varamaður í nefndinni, færir upp sem þriðji aðalmaður og aðrir varamenn flytjast upp um eitt sæti. Nýr þriðji varamaður er kjörin Ólafía Sigurvinsdóttir. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1509004 – Jarðvarmi á Reykhólum.

Fundargerð frá fundi Atvinnuþróunarfélagsins með hagsmunaaðilum um jarðvarma á Reykhólum þann 26. ágúst 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á því að halda fund um jarðvarma á Reykhólum og þeirri vinnu sem ætlunin er að hefjist nú í kjölfarið.

2. 1509008 – Lög um verndarsvæði í byggð – innleiðing.

Lagt fram.

3. 1509005 – Fundur stjórnar Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps 3. sept. 2015.

Ársreikningur Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps 2014.

Fundargerð og ársreikningur lagt fram.

4. 1509009 – Fundur í fjallskilastjórn Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslna 28. ágúst 2015.

Fundargerð lögð fram.

5. 1508010 - 146. fundur Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerð lögð fram.

Varðandi fyrsta lið á dagskránni, nýtingarleyfi Félagsbúsins Miðhraun sf. vegna öflunar á þangi og þara:

Sveitarstjórn Reykhólahrepps barst ekki umsagnarbeiðni frá Orkustofnun varðandi ofangreint mál. Málið er þó svo skylt sveitarfélaginu vegna staðsetningar Þörungaverksmiðjunnar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn Reykhólahrepps tekur undir bókun Breiðafjarðarnefndar um málið, að mikilvægt sé að fá upplýsingar um hvað Breiðafjörður getur gefið af sér án þess að það hafi áhrif á lífríkið.

Þörungaverksmiðjan á Reykhólum er undirstöðufyrirtæki í sveitarfélaginu, sem reiðir sig á umhverfissvottaða nýtingu á þangi og þara í Breiðafirði, auk þess eru fregnir af enn frekari nýtingu þara í ráðgerðri verksmiðju í Stykkishólmi.

Gerð nýtingaráætlunar fyrir Breiðafjörð af sömu gerð og sú sem nú þegar hefur litið dagsins ljós fyrir Arnarfjörð, tilraunaverkefni sveitarfélaga og ríkis, er verkfæri sem myndi nýtast vel við áætlunargerð um frekari nýtingu Breiðafjarðar, auk fleiri kosta sem gerð hennar hefði í för með sér. Sveitarstjórn Reykhólahrepps hvetur stjórnvöld til þess að líta til Breiðafjarðar vegna aukinna umsvifa og leggja sitt af mörkum til þess að unnið verði með nýtingu þangs og þara af ábyrgð.

6. 1503019 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 3. júlí 2015.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.05.

_____	_____
_____	_____
_____	_____